

IV. kafli.

Ýmis ákvæði

22. gr.

Samkvæmt ákvæðum 63. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á þeim lögum, varðar það sektum svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamnings. Þó má falla frá málsókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja.

Hafi einstaklingi, félagi eða stofnun verið veitt heimild til að gefa út skjöl þau og vottorð er um ræðir í 1. mgr., sbr. m.a. 13. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, ber viðkomandi leyfishafi, eftir atvikum einstaklingur eða framkvæmdastjóri, refs- ábyrgðina.

23. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 680/1980 sama efnis svo og auglýsingar nr. 318/1983, 75/1985 og 101/ 1986 um breyting á henni. Þrátt fyrir framangreind ákvæði skulu EUR. 2 skilríki sem gefin hafa verið út fyrir 1. júlí 1987 í samræmi við ákvæði auglýsingar nr. 680/1980 með síðari breytingum, halda gildi sínu enda verði þeim framvísað í samræmi við ákvæði nefndrar auglýsingar.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 43 1. mars 1967 um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Takist ríkissjóður á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld skal sá, er ábyrgð er tekin fyrir, greiða í áhættugjald 2,0% af ábyrgðarfjárhæð um leið og ábyrgð er veitt. Sé um einfalda ábyrgð að ræða skal gjald þetta nema 1,5% af ábyrgðarfjárhæð.

Áhættugjald rennur í Ríkisábyrgðasjóð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.